

Skólaráðsfundur nr. 3

09.03.2021 kl. 18 í grunnskólanum

Viðstaddir:

Berglind Axelsdóttir, Helga Guðmundsdóttir, Sigfús Magnússon,
Sesselja Kristinsdóttir (ritaði fundargerð).

Dagskrá:

1. Skipulagsbreytingar
 2. Skóladagatal
 3. Upplýsingar um ytra matið
 4. Drög að skólanámskrá
 5. Húsnæði, aðbúnaður og aðstaða
 6. Önnur mál
-
1. Berglind byrjaði á að tala um skipulagsbreytingar sem verða á stjórn skólans í vor/haust. Berglind var ekki alveg sátt við vinnuferlið frá hendi bæjarins, lítil umræða frá þeirra hendi. Henni finnst að það þurfi að ræða skólamál betur og kynna þetta t.d. fyrir skólaráðinu áður en ákvörðun er tekin (enda kemur það fram í lögum um skólaráð að hafa skuli samráð um mikilvægar breytingar). Það er búið að segja Lilju Írenu upp og getur hún sótt um aðstoðarskólastjórastöðu ef hún kýs það. En ekki búið að móta starf skólastjóra og aðstoðarskólastjóra

miðað við breyttar stöður. Nýr deildarstjóri í Tónó mun hafa 12 tíma kennsluskyldu (skólastjóri hafði eingöngu 1 tíma í kennsluskyldu). Allt væri þetta betra ef Tónó væri með kennsluaðstöðu við/í grunnskólann. Það verður fljótlega farið í að auglýsa eftir aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra við Tónó.

2. Skóladagatal 1020-2022 - drög. Lagt fram. Skoðað og rætt. Skipulagsdagar eru í samvinnu við Leikskólann og Tónó. Aðeins rætt um árshátíðina sem verður með breyttu sniði í ár vegna Covid. Yngri verða með einskona bekkjarkvöld þar sem foreldrar koma með veitingar og borga sig inn til að safna uppí ferðirnar sem farnar eru, nem. sjá um skemmtun. Skúrinn eldar fyrir eldri krakkana og verður það haldi á Fransisku hóteli.
3. Ytra matið er komið til skólastjóra og verður kynnt fyrir skólaráði, þar er ýmislegt jákvætt og neikvætt.
4. Skólanámskrá er búin að vera í vinnslu í tvö ár, stórt plagg, biblía um það sem við erum að gera.
5. Berglind sýndi áætlun um viðhald 2019 – 2022. Rætt um t.d. lyftuleysi en hún er á dagskrá 2022. Nem.klósett á 1. hæð átti að koma 2020 en er ekki komið enn, verið að teikna, Berlind vill hafa vegg milli salerna lokaða uppúr, er ekki núna, býður uppá einelti t.d. Lyklakerfi átti að koma 2020 en er ekki komið, ekki alveg víst hverjir eru með lykla af fyrrverandi starfsfólki, Berglind hefur verið að þrýsta á að fá nýtt kerfi. Fundarmenn óánægðir með hvernig aðstaðan er fyrir nem. og starfsfólk. Það er húsnæðisnefnd að störfum með starfsfólki o.fl. Sigurbjartur hefur komið með hugmyndir. Fundarmenn ræddu

um rýmið sem Átak er í, Sigfúsi finnst forgangsröðunin ekki rétt, skólinn ætti að fá það húsnæði aftur. Rætt um þetta fram og til baka, lausar kennslustofur o.fl. því plássleysið er mjög mikið. Sigfús rifjar upp vinnuna við skólastefnuna og hversu Ingvar Sigurgeirsson var gagnrýninn á húsnæðismálin og það hefur engu skilað. Honum finnst að skólinn eigi hreinlega að fá húsnæði bókasafnsins og búnar yrðu til kennslustofur hér í staðinn (ef ekki er hægt að fá húsnæði Átaks).

1. Önnur mál

Rætt um Covid – kennsluna, kosti og galla, kostirnir voru töluverðir t.d. í frímínútum, færri kennarar komu að bekkjunum sem mörgum nem. fannst gott. Vegna þessa var tímsettum skólans breytt síðasta haust. Rætt um að hvort hægt væri að fá fleiri fyrirlesara fyrir krakkana. Berglind sagði frá hvaða fyrirlestrar hefðu komið í vetur en ýmislegt hefur ekki verið hægt v. Covid.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:30